Sveitarfélagið
Ölfus.

# FRAMKVÆMDALEYFI byggt á reglugerð nr. 772/2012.

Framkvæmdarleyfi fyrir Hverahlíðarlögn í Sveitarfélaginu Ölfusi. Framkvæmdaraðili Orka náttúrunnar.
Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss hefur samþykkt umsókn Orku náttúrunnar um leyfi til að leggja Hverahlíðarlögn, lögn á milli Hverahlíðarvirkjunar og Hellisheiðavirkjunar.
Bæjarstjórn Ölfuss hefur staðfest skipulag og útgáfu á framkvæmdaleyfi. Framkvæmdarleyfið byggir á samþykktu deiliskipulagi og gögnum um framkvæmdina. Framkvæmdaleyfið með fylgigögnum er á heiðasíðu Ölfuss, www.olfus.is.
Bæjarstjórn Ölfuss samþykki þann 28. ágúst 2014 á grunni heimildar í skipulagslögum að gefa út framkvæmdaleyfi með þeim skilmálum sem fram koma í skipulagsgögnum. Álit Skipulagsstofnunar frá 2. maí 2014 er að framkvæmdin er ekki matsskyld.
Framkvæmdaleyfi bæjarstjórnar Ölfuss er kæranlegt til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu auglýsingar í landsmálablaði sem birtist 3. september 2014. Framkvæmdaleyfið gildir í 12 mánuði frá útgáfu þess. Meðferð er samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Afgreiðsla á framkvæmdaleyfinu er byggð á heimild í aðalskipulagi.

Þorlákshöfn þann 1. september 2014

f.h. Sveitarfélagsins Ölfuss
Sigurður Ósmann Jónsson
skipulags- og byggingarfulltrúi Ölfuss